

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

#### 1. gr.

*Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hverja klukkustund skal vera eftirfarandi án vsk:

- |                          |            |
|--------------------------|------------|
| a) Fyrir sérfræðinga I   | kr. 14.450 |
| b) Fyrir sérfræðinga II  | kr. 12.905 |
| c) Fyrir sérfræðinga III | kr. 11.375 |

#### 2. gr.

*Skordýra- og sveppagreiningar.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir greiningu á skordýrum og sveppum samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 2.800 fyrir skordýragreiningu til almennings.

Gjaldið skal vera kr. 5.500 fyrir sveppagreiningu til almennings.

#### 3. gr.

*Útgáfa rita.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir útgáfu rita samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hvert rit skal vera eftirfarandi án vsk:

- |  |           |
|--|-----------|
| a) Fyrir fjörlit Náttúrufræðistofnunar | kr. 1.700 |
| b) Fyrir Blika                         | kr. 2.000 |

#### 4. gr.

*Önnur þjónusta.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 40.500.

#### 5. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi til almennings fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 5.500.

#### 6. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 266/2016 fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. apríl 2017.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Stefán Guðmundsson.*